2021-02-0013

# YFIRLÝSING UM LANDAMERKI

## MILLI KIRKJUBÓLS Í KORPUDAL OG SELJALANDS Í ÍSAFJARÐARBÆ

---

Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls í Korpudal með landeignanr. L141015 annars vegar og Seljalands með landeignanr. L141426 hins vegar hafa verið hnitsett. Lýsing á legu landamerkjanna er að finna í meðfylgjandi uppdrætti (fylgiskjal 1) en hann lýsir sameiginlegum skilningi núverandi landeigenda um legu merkjanna.

Fullt samkomulag er meðal landeigenda að skipta landinu á þann hátt sem fram kemur á uppdrættinum (fylgiskjal 1) þar sem landamerki milli þeirra hafa verið sett inn með hnitum.

Í *Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958* er að finna eftirfarandi lýsingar:

**Landamerki á jörðinni *Kirkjubóli í Korpudal* nr. 131 innan Ísafjarðarsýslu.**
„Að utanverðu er merkið *í læk*, er rennur niður utan til við svonefndan *Urðarhrygg* og ofan í *Korpu*. Svo aptur fyrir vestan *Korpu* er merkið út að *sjó* eins og land nær að *Korglænu* að austan. Fyrir vestan *Korglænu* tekur svonefndur *Flagspartur* við og merkið að honum að utan liggur *í lænu* mjög litla bæði að utan og vestan þar til svonefndur *Fremstipartur* tekur við, og þá liggur merkið á honum vestur í *Hestá* þar til svonefndur *Hrossakrókur* tekur við, sem er partur frá *Vífilsmýrum*. Þá liggur merkið á honum alla leið inn eptir og endar á *Hestárbakka*. Að *innan* er merkið eins og *Fremstipartur* til segir, - frá *Hestá* þvert yfir upp til *Korpu*.
Aptur liggur merkið neðan milli *Kroppstaða* og *Kirkjubóls* upp af nefndu *merki* á *Fremstapartinum* að innan í *3 steina* á *Álabrekkum* og þaðan yfir *Stórholtið* í *lækjarfarveg* sem er innan til við svonefndan *Bæjarhrygg*.
***Kirkjubóli* tilheyrir dalurinn Kirkjubólsmegin til eignar og umráða frá *Þverá* fram úr til *fjalls*. *Gjört á Efstabóli 18. ágúst 1889.*“**

**Landamerkjabréf fyrir jörðina Hafurshest nr. 238 í Önundarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu útbúið árið 1921. „Að austanverðu ræður áin *Korpa* merkjum heim að *Kroppstaðamerki*,** en þar liggur það eftir gömlum *farveg* niður eyrar í svonefnd *Sýki*, og úr því inn með *Breiðeyri,* sem tilheyrir *Hóli*, en eftir það liggur það eftir *Hestá*, nema þar sem það liggur eftir svonefndri *Hvolpalænu*, en *Tunga* á það land, sem liggur milli *ár* og *lænu*. Allt beitiland er óskift milli *þorpsjarða* sem eru: *Hafurshestur*, *Efrihús*, *Neðrihús*, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á *Hestdal*, er kallað er *Samvinna*, og fremst á dalnum, sem kallað er *Leiti*. *Hafurshestur* á tvo fimmtu parta úr óskiftu landi. Úr skiftu slægjulandi á hann á *Hestdal* þessa parta: *Gyrði*, *Hlaðspart*, *Votahvamm*, *Stagggarðseyri*, *Kökubungu*, *Seljaeyri* og *Fremstaengi*. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur. Slægjur átti *Hafurshestur* allar á *Korpudal*, en nú eru þær sama sem engar. Milli þorpstúna eru skýr merki: *Lækur* milli *Hests* og *Efrihúsa* og *grjótgarður* og *skurður*. Niðri, undan túninu á hann *eyrnapart* niður í *Hestá*. Utanvert við túnið á *Hesti* allt land nema lítinn *part* sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur. ***Gjört að Hafurshesti 20. mars 1921.*“**

Í landamerkjayfirlýsingu þessari hafa landamerki á milli jarðanna Kirkjubóls í Korpudal og Seljalands í Ísafjarðarbæ verið hnitsett í samræmi við ofangreindar lýsingar.

Reykjavík 10/01/21.
[signature]

## FRAMKVÆMD HNITSETNINGAR

**Hnitakerfi**: Landshnitakerfi, viðmiðun ISN93

**Aðferð og uppruni hnita:**
Myndkort Loftmynda ehf. með 50 cm greinihæfni byggt á loftmyndum teknum árin 2011/2017. Nákvæmni 1m.

Hnit 1.S-KK er staðset samkvæmt þinglýstu skjali A-395/2019 (Yfirlýsing um Landamerki milli Engidals og Kirkjubóls í Korpudal.)

**Skýringar:**
**Hnit:** **X** hnit jafngildir austurhniti (lengdarbaugur / austurás).
**Y** hnit jafngildir norðurhniti (breiddarbaugur / norðurás).
**Punktar:** Hér er sett inn skammstöfun fyrir kennileiti á korti

**Hnitpunktar:**

| Nr. Punkts | X-hit | Y-hnit | Lýsing |
|---|---|---|---|
| 1.S-KK | X=310262.0000 | Y=615860.0000 | Sameiginlegt hnit Kirkjubóls, Engidals og Seljalands |
| KHhS | X=310551.8053 | Y=615246.3450 | Sameiginlegt hnit Kirkjubóls, Hafurhests og Seljalands |

## UNDIRSKRIFTIR

**Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar**

______________________________
**Heiða Hrund Jack kt. 051178-4759**

**Eigandi Kirkjubóls í Korpudal**

Reykjavík, 10/01 21

Páll A.R. Stefánsson
______________________________
**Páll A.R. Stefánsson kt. 230646-4069**

**Ísafjarðarbær**

______________________________
**Ísafjarðarbær kt. 540596-2639**

**Vottar**

______________________________

______________________________




## Hnitaskrá

### ÍSNET -93

**KIRKJUBÓL-SELJALAND**

| Nr. Punkts | X-hit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 1.S-KK | X=310262.0000 | Y=615860.0000 |
| KHhS | X=310551.8053 | Y=615246.3450 |

**KIRKJUBÓL-HAFURHESTUR** **KHh**

| Nr. Punkts | X-hit | Y-hnit |
|---|---|---|
| KHhS | X=310551.8053 | Y=615246.3450 |
| KHh-1 | X=310042.4780 | Y=615105.3897 |
| KHh-2 | X=309452.1956 | Y=615217.1570 |
| KHh-3 | X=309147.1441 | Y=615272.3245 |
| KHh-4 | X=309077.1732 | Y=615336.9721 |
| KHh-5 | X=308956.8413 | Y=615366.1164 |
| KHh-6 | X=308726.0859 | Y=615397.1607 |
| KHh-7 | X=308664.5223 | Y=615432.4611 |
| KHh-8 | X=308560.5646 | Y=615413.0608 |
| KHh-9 | X=308462.8901 | Y=615446.7260 |
| KHh-10 | X=308367.5004 | Y=615425.0434 |
| KHh-11 | X=308298.3858 | Y=615454.1437 |
| KHh-12 | X=308229.2199 | Y=615441.0003 |
| KHh-13 | X=308169.2444 | Y=615349.1344 |
| KHh-14 | X=308139.5962 | Y=615341.3215 |
| KHh-15 | X=308091.2802 | Y=615358.0802 |
| KHh-16 | X=308028.8721 | Y=615352.4940 |
| KHh-17 | X=307969.2754 | Y=615369.2678 |
| KHh-18 | X=307938.8542 | Y=615351.6153 |
| KHh-19 | X=307888.5250 | Y=615395.1881 |
| KHh-20 | X=307845.7735 | Y=615388.9683 |
| KHh-21 | X=307814.2027 | Y=615400.4015 |

**Uppruni hnita: Myndkort Loftmynda ehf. með 50cm greiningarhæfni byggt á loftmyndum teknum árin 2011/2017**

**Loftmyndir ehf**

## Kirkjuból í Korpudal

**Afstöðuuppdráttur landamerki við Hafurhest 1 af 2 og Seljaland**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mælikvarði: 1:8000 | Frumstærð blaðs: A3 | Hugrún Þorsteinsdóttir<br>sími: 862 6099 | Arkitekt FAÍ kt: 110972-3429<br>hugrun@m11.is |
| Teiknað: HÞ | Verknr: 20-23 | Jón Grétar Magnússon<br>sími: 866 6099 | Byggingafræðingur kt: 010573-4679<br>jon@m11.is |
| Yfirfarið: JGM | Dagsetn.útgáfu: 27.12.2020 | | |

**M11 | TEIKNISTOFA**